

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 13. maí 2014 á Kjóavöllum.

8. fundur

Fundur hófst kl. 18:15

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hannes Hjartarson, Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir, Sigurður Halldórsson, Kristín Njálsdóttir og Lárus Finnbogason. Einnig sat fundinn Magnús Benediktsson framkv.stjóri félagsins.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður. Búið er að fá verðmat á félagsheimilið að Kjóavöllum og gerði Lárus grein fyrir því. Þá er búið að kanna skilyrði fyrir vínveitingaleyfi og rekstrarleyfi fyrir veislusal reiðhallarinnar. Gengið verður í það að ganga frá umsókn um viðkomandi leyfi. Önnur smærri verkefni frágengin og ný sett inn á listann.
3. Staða verkefna framkv.stjóra. Magnús Benediktsson fór yfir verkefnalista sinn og gerði stjórn grein fyrir stöðu og framgang þeirra verkefna sem hann hefur unnið að sl. tvær vikur.
4. WR mótið nk. helgi (17.-18. maí). Farið yfir framgang undirbúnings fyrir mótið og verkefnum skipt niður á stjórnarmenn sem verða mótanefnd til aðstoðar við framkvæmd mótsins. Útlit fyrir að allt stefni í gott og fjölmennt mót.

Kristín yfirgaf fundinn kl. 19:15 og Linda tók við ritun fundargerðar.

5. Fjáröflunarnefnd kynning – Sigurður Helgi Ólafsson formaður nefndarinnar kom á fundinn og kynnti hugmyndir um fjáröflun fyrir félagið. Mjög spennandi hugmyndir sem ræddar verða áfram.
5. Önnur mál;
 - a. Sigríður Sörensdóttir 90 ára 31. maí. Ákveðið að færa henni viðurkenningu frá félaginu. Sigríður var stofnfélagi Gusts og líka stofnfélagi Sprettis og er mikil fyrirmynd í félaginu þar sem hún stundar hestamennskuna á fullu 90 ára.
 - b. Starfsmannamál rædd. Kristján húsvörður hefur látið af störfum.
 - c. Félagsbúningur ræddur og búið að ákveða hvernig hann verður. Reynt var að finna lausn sem er ekki of dýr en mjög smekkleg. Gert ráð fyrir að hægt verði einnig að breyta svörtum jökkum með einkennum nýja keppnisbúningsins. Skv. reglum LH eiga þeir sem keppa fyrir félagið á Landsmóti að klæðast félagsbúning.
 - d. Um keppnishelgina – WR mótsins verður í boði fyrir félagsmenn að kaupa jakka, peysur og húfur merktar Spretti. Vörurnar eru á mjög góðu verði og við hvetjum félagsmenn til að versla sér vörur merktar félaginu. Kristín hefur yfirumsjón með þessu fyrir hönd félagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálsdóttir og Linda B. Gunnlaugsdóttir